

Nd.

263. Frumvarp til laga

[136. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 7 mönnum. Sameinað Alþingi kys fimm þeirra, en fastráðið starfsfólk verksmiðjunnar kys úr sínum hópí tvo. Skulu stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára, og skipar atvinnumálaráðherra formann verksmiðjustjórnar úr þeirra hópí. Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um kosningarrétt, kjörgengi og annað, er varðar kosningu á fulltrúum starfsliðs í stjórninni.

Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 7 6. febr. 1961.

Greinargerð.

Eftir því sem stjórnskipulegu lýðræði hefur vaxið fiskur um hrygg, hefur víða um lönd vaknað áhugi á að koma á lýðræðislegri skipan í einstökum þáttum þjóðlífsins. Hefur þetta hvað mest beinzt að atvinnulífi.

Margir áratugir eru síðan fyrst voru gerðar tilraunir með það, sem kalla mætti atvinnulýðræði, en með því er átt við, að starfsfólki sé veitt hlutdeild í stjórn atvinnufyrirtækja með einhverju móti. Á síðustu árum hafa verið gerðar róttækar tilraunir á þessu sviði, ekki sízt í Júgóslavíu, þar sem verkafólkið fer að mestu eða öllu leyti með stjórn fyrirtækjanna. Í öðrum löndum hefur verið gengið skemmra, en gerðar margvíslegar tilraunir með þátttöku verkafólks í stjórn eða skipun sérstakra ráða, þar sem verkafólk á fulltrúa. Er fengin nokkur reynsla í þessum efnum í nágrennalöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum, í Þýzkalandi og Englandi.

Hér á landi hafa oft verið fluttar tillögur um athugun þessara mála, og allmikið hefur verið rætt um atvinnulýðræði. Munu ýmsir vera þeirrar skoðunar, að smæð islenzkra fyrirtækja takmarki mjög alla möguleika í þessum efnum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að gerð verði tilraun með eitt form atvinnulýðræðis í einu stærsta iðnfyrirtæki landsins, Sementsverksmiðju ríkisins. Þar sem um ríkisfyrirtæki er að ræða, eru hæg heimatökin á Alþingi að ákveða með lögum, að slík tilraun skuli gerð.

Ætla má, að sementsverksmiðjan sé nægilega stór vinnustaður og þar sé svo mikil festa í starfsliði, að skynsamlegt væri að gera þar slíka tilraun. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að starfslið verksmiðjunnar kjósi úr sínum hóp tvo menn í stjórn ásamt fimm þingkjörnum mönnum, eins og verið hefur. Ekki þykir rétt að setja í lög nánari reglur um kosningarrétt, kjörgengi og annað, sem að slíkri kosningu lýtur, en eðlilegt að setja um það reglugerð. Þarf að sjálfsögðu að ákveða, hve lengi fólk þurfi að starfa við verksmiðjuna til að fá kosningarrétt eða verða kjörgengt, svo og hvernig kosning skuli fara fram.

Þátttaka verkafólks í stjórn fyrirtækis er aðeins ein leið til atvinnulýðræðis. Má telja það henni til framdráttar, að fulltrúar verkafólksins fái tækifæri til að koma fram ýmsum áhugamálum þess og skýra sjónarmið þess, áður en stjórnin tekur ákvarðanir, sem kynnu að snerta starfsliðið. Eðlilegt væri, að fulltrúar fólksins flyttu árlega skýrslu um störf stjórnarinnar og hag fyrirtækisins, og ætti sú opna leið milli stjórnar og starfsmanna að draga úr hugsanlegri tortryggni þar á milli. Loks ætti þessi skipan að greiða fyrir samstarfi framkvæmdastjórnar og verkafólks um ýmsar breytingar til hagræðingar og aukinna afkasta.

Mikið hefur verið rætt um atvinnulýðræði hér á landi, en lítið gert til þessa. Ef Alþingi samþykkir þetta frumvarp, mætti líta á það sem tilraun, og kynni reynslan þá nokkru að ráða um framvindu þessara mála.